

Reykjavík, 11. nóvember 2013

Niðurstaða athugunar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

á þjónustupætti félagsins; STOFNI

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á þjónustupætti Sjóvár-Almennra trygginga hf. undir heitinu STOFN, með vísan til 1. mgr. 62. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Athugunin beindist að því hvort framsetning og kynning félagsins á STOFNI og skilyrði fyrir rétti til endurgreiðslu iðgjalda úr STOFNI samræmdu góðum venjum og viðskiptaháttum í váttryggingastarfsemi. Sérstaklega var óskað eftir sjónarmiðum Sjóvár-Almennra trygginga hf. varðandi eftirfarandi:

1. Hvort að skilyrði og reglur STOFNS séu aðgengilegar viðskiptavinum á einum stað.
2. Hvort að upplýsingar til viðskiptavina á heimasíðu félagsins séu skýrar er varðar skilyrði sem viðskiptavinir þurfa að uppfylla til að geta orðið aðilar að STOFNI.
3. Hvort að skilyrði félagsins um viðskipti 1. febrúar ár hvert til að eiga rétt á endurgreiðslu úr STOFNI, séu nægilega skýr og afdráttarlaus.

Í svari Sjóvár-Almennra trygginga hf. kom m.a. fram að fyrstu tveim atriðunum sem nefnd eru að framan hafi verið ábótavant og að félagið hafi þegar bætt úr þeim. Fjármálaeftirlitið hefur athugað heimasíðu félagsins og sannreynt framangreindar úrbætur. Varðandi þriðja atriðið telur Fjármálaeftirlitið að Sjóvár-Almennrar tryggingar hf. þurfi að bæta upplýsingagjöf félagsins til viðskiptavina í STOFNI.

Niðurstaða Fjármálaeftirlitsins úr framangreindri athugun var að beina því til félagsins, sbr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, að upplýsa með nákvæmum og skýrum hætti í skriflegu kynningarefni um STOFN, m.a. á heimasíðu félagsins, hver væru skilyrði þess að viðskiptavinir ættu rétt til endurgreiðslu iðgjalda.